



**Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík.**

Reykjavík, 6. nóvember 2014.

Efni: Umsögn Örorkjubandalags Íslands um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, þingskjal 233 – 207. mál.

Örorkjubandalag Íslands (ÖBÍ) tók til umfjöllunar erindi velferðarnefndar Alþingis um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála.

Almennar athugasemdir

Markmið frumvarpsins er almennt jákvætt, þ.e. að auka sérhæfingu, skilvirkni og málshraða úrskurðarnefnda. Auk þess að tryggja sjálfstæði nefndarinnar frá ráðuneyti. ÖBÍ telur jákvætt að nefndarmenn séu í fullu starfi en ekki hlutastarfi. Þá er einnig jákvætt að nefndin hafi fasta starfsmenn í stað starfsmanna ráðuneyta.

Aftur á móti er einnig tilgangur frumvarpsins að hagræða í rekstri úrskurðarnefnda. ÖBÍ varar við þeirri hættu að hagræðingarsjónarmið muni bera önnur markmið ofurliði. Er þannig lögð rík áhersla á að framangreindur megintilgangur náist í raun. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að tryggja nefndinni nægjanlegt starfsfólk en ekki nýta sameiningu nefndanna til þess að fækka þeim stöðugildum sem sinna málaflokkunum í dag.

Nefndirnar sem sameina á sinna gríðarlega mikilvægu hlutverki í íslensku stjórnkerfi enda fara þær með endanlegt ákvörðunarvald á stjórnsýslustigi í mörgum mikilvægum málaflokkum. Þessir málaflokkar standa hagsmunum einstaklinga mjög nærri enda varða málefni nefndanna veigamikla þætti í lífi og lífsafkomu viðkomandi einstaklinga. Má nefna rétt til bóta og greiðslna, sem í mörgum tilvikum eru einu tekjur viðkomandi eða stór hluti þeirra. Þá hafa nefndirnar til umfjöllunar málefni fjölskyldunnar svo sem barnavernd og önnur viðkvæm persónuleg málefni. Þung áhersla er lögð á að þessum gríðarlega mikilvægu og viðkvæmu málaflokkum sé búin góð umgjörð og aðstæður þar sem borgarar geta treyst á faglega og ekki síst skjóta úrlausn mála.

Í frumvarpinu kemur fram að nefndarmenn nefndanna eru í dag 21 talsins. Ætlunin er að 3 nefndarmenn verði í fullu starfi hjá nefndinni en 6 í aukastarfi. Er þannig ljóst að þeir þrír sem verða í fullu starfi eiga að vera á við fimmtán nefndarmenn í dag. Af því leiðir að gert er ráð fyrir að hver og einn nefndarmaður verði á við fimm nefndarmenn í dag.

Starfsmenn nefndanna í aðalstarfi eru 8-9 stöðugildi í dag. Af umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins verður ráðið að ekki standi til að fjölga starfsmönnum í aðalstarfi hjá hinni nýju nefnd. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir að fastir starfsmenn nefndanna verði jafnmargir og í dag en að hlutastörf verði lögð af. Af þessu leiðir að stöðugildum verður fækkað frá því sem nú er.

Af framangreindum fjölda nefndarmanna og starfsmanna er ljóst að ætlunin er að fækka þeim vinnustundum sem unnar eru fyrir nefndirnar. Á móti kemur auðvitað hagkvæmnin af því að fleiri starfsmenn verða í fullu starfi. Engu að síður er einungis verið að fjölga föstum starfsmönnum um þrjá (úr 11/12 í 14/15). Þessir þrír nefndarmenn þurfa eins og áður segir að afkasta á við fimm nefndarmenn í aukastarfi og auk þess að vinna upp það starf sem starfsmenn í aukastarfi sinna fyrir nefndirnar í dag.

Með vísan til framangreinds er ólíklegt að það fyrirkomulag sem stefnt er að sé ekki til þess fallið að auka skilvirkni og málshraða til muna. Til að málsmeðferð verði fagleg og skjótvirk þannig að markmið frumvarpsins náist þykir ljóst að fastráðnir nefndarmenn í aðalstarfi þurfa að vera a.m.k. 5 talsins, auk 9 annarra starfsmanna. Til hliðsjónar má benda á að í yfirskattanefnd eru 4 nefndarmenn í fullu starfi.

Þá kemur ekki fram í frumvarpinu hver málafjöldinn er hjá nefndunum í dag en slíkar tölur eru nauðsynlegar til að átta sig að fullu á umfangi verkefnanna og raunhæfum leiðum til úrbóta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 9. gr. Birting úrskurða og álita. Ársskýrsla

Réttast væri að allir úrskurðir nefndarinnar verði birtir. Með nútímatækni er lítil vandi að birta alla úrskurði og engin rök fyrir því að velja einstaka úrskurði. Birting úrskurða er nauðsynlegur þáttur í réttaröryggi borgara, auk þess að vera liður í að gera stjórnarsýsluna gagnsærri, enda verða þeir að hafa aðgang að úrlausnum eigi þeir að geta gert sér fullkomlega grein fyrir réttarstöðu sinni.

Með vísan til réttaröryggissjónarmiða er auk þess lagt til að birting úrskurða verði með þeim hætti að borgurum verði gert auðveldara fyrir að leita að stjórnarsýslufordæmum. Úrskurðir verði þannig úr garði gerðir að hægt sé að leita í þeim eftir atriðisorðum og lagagreinum. Ákvæði um þetta má setja í reglugerð nefndarinnar. Lagt er til að í frumvarpinu verði undir athugasemdum um 9. og/eða 11. gr. sérstaklega tekið fram að í reglugerð skuli m.a. koma fram að nefndin skuli birta alla úrskurði með þeim hætti að leita megi að þeim eftir atriðisorðum og lagagreinum.

Um 11. gr. Reglugerð

Til að tryggja málshraða og skilvirkni er lagt til að í vinnureglum nefndarinnar komi fram að athugasemdafrestur verði almennt ekki lengri en tvær vikur, nema sérstaklega standi á. Þetta fyrirkomulag tryggir að gagnaöflun á að vera að fullu lokið u.þ.b. mánuði eftir að kæra berst nefndinni og stuðlar þannig að því að úrskurður nefndarinnar geti legið fyrir innan þriggja mánaða, sbr. 3. mgr. 7. gr.

Um 13. gr. Breytingar á öðrum lögum.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á öðrum lögum svo sameining nefnda geti átt sér stað. Það vekur sérstaka athygli að ekki er í þessu frumvarpi lögð fram breyting á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, og vísað er til þess að slíkar breytingartillögur muni koma fram í öðru frumvarpi. ÖBÍ telur gagnrýniverð að slíkt frumvarp sé ekki fram komið og telur útfærslu þessa vera óljósa að þessu leyti. Væntanlega er hér verið að vísa til óframkomins frumvarps um heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar. Ljóst er nú að frumvarp um endurskoðun laganna mun líklega ekki líta dagsins ljós á næstu misserum og þaðan af síður er ljóst að af slíkum breytingum muni verða. Sú breyting sem hér um ræðir er ekki svo tengd heildarendurskoðun laga um almannatryggingar að hún réttlæti þessa útfærslu. Verði þetta frumvarp samþykkt í þessari mynd en breytingar á almannatryggingum nái ekki fram að ganga mun hlutverk úrskurðarnefndar almannatrygginga skiptast upp. Slíkt vinnur gegn meginmarkmiðum þessa frumvarps og getur valdið óvissu um heildarframkvæmd málsins.

Tillögur um útvíkkun á hlutverki úrskurðarnefndar velferðarmála

Er hér lagt til að starfssvið úrskurðarnefndar velferðarmála verði víkkað út og nái einnig til ágreiningsmála lífeyrisþega um aðgengi að og ákvarðanir Starfsendurhæfingarsjóða, skv. lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012 og ágreiningsmál sjóðsfélaga við lífeyrissjóði um grundvöll, skilyrði eða upphæðir lífeyrisgreiðslna til sjóðsfélaga. Mjög mikilvæg forsenda slíkrar breytingar er að lífeyrissjóðir og starfsendurhæfingarsjóðir lúti reglum stjórnarsýslulaga og –réttar þegar kemur að ákvörðunum er tengjast ákvörðunum um réttindi til greiðslna og mati á örorku og/eða starfsgetu.

Úrskurðarnefnd velferðarmála úrskurði í ágreiningsmálum sjóðsfélaga við lífeyrissjóði

ÖBÍ hefur árum saman lagt mikla áherslu á að fyrirkomulagi við endurskoðun ákvarðana verði breytt og að komið verði á fót úrskurðarnefnd á stjórnarsýslustigi, sem leysi með bindandi hætti úr ágreiningsmálum um ákvarðanir sem tengjast örorkulífeyri (þ.m.t. ákvörðunum um örorkumat) og væri málsmeðferðin sjóðsfélagunum að kostnaðarlausu. Úrskurðarnefndin þyrfti að vera sjálfstæð og óháð sjóðunum og vinna eftir stjórnarsýslulögum.

Eini möguleiki lífeyrisþega, sem ekki vilja una úrskurðum lífeyrissjóðs eða sjóðsstjórnar er að vísa máli sínu til gerðardóms. Gerðardómsmeðferð hentar afar illa í málum sem þessum. Gerðardómar eru almennt skipaðir þegar fjársterkir aðilar deila. Deiluaðilar þurfa enda almennt sjálfir að bera kostnaðinn vegna gerðardómsins, en gerðardómur er mjög kostnaðarsamt úrræði fyrir sjóðsfélaga, af þeim sökum veigra sjóðsfélagar sér við að taka þátt í gerðardómsmeðferð.

Úrskurðarnefnd velferðarmála nái einnig yfir endurskoðun ákvarðana Starfsgetumatssjóða í málum einstaklinga.

Í lögnum um starfsendurhæfingarsjóði er eini möguleiki einstaklinga til að fá ákvarðanir starfsendurhæfingarsjóðsins endurskoðaðar að vísa málinu til sjóðsins sjálfs. Þetta hefur valdið erfiðleikum í framkvæmd. Í lögnum kemur ekkert fram um frekari málskotsrétt eða kæruleið sem næði út fyrir raðir sjóðsins. ÖBÍ leggur mikla áherslu á að einstaklingar hafi kærurétt í málum þar sem starfsendurhæfingarsjóðir taka ákvarðanir í þeirra málum. Öryrkjabandalagið er ávallt reiðubúið til samstarfs.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ